



## Samloka

### Tilbreytingin eykur ánægjuna

Námskeið er alltaf áhugavert og spennandi fyrir þau sem halda það. Vegna þess að þau þurfa stöðugt að vera virk: Velta fyrir sér innihaldi og aðferðum námskeiðsins, bregðast við svörum þátttakenda og setja efnið fram á eins áhugaverðan hátt og mögulegt er. Fyrir þátttakendurna er málið annað. Jafnvel þegar efnið er áhugavert getur verið erfitt og þreytandi að taka við flóði af upplýsingum. Þá er oft hætt við að þátttakendurnir lendi í stellingu þiggjandans og „sofni“.

Þú getur komið í veg fyrir þetta með því að skipuleggja námskeiðið sem samloku! Samloka er búin til úr mörgum lögum af mismunandi hráefnum: Brauði, smjöri, osti, skinku, grænmeti, sósu og brauði. Það gerir hana lystaukandi / girnilega og gefur henni fjölbreytilegt bragð og mikið næringargildi. Með því að skipuleggja námskeið eða kennslustund eins og samloku svarar leiðbeinandi þörf og smekk ólíks fólks. Þegar við skipuleggjum námskeið höfum við mismunandi möguleika: Kennara erindi (oftast of löng - þessvegna leiðinleg), fyrirlestur þátttakenda, mismunandi tegundir hópunnar, upplestur, verkefni, leikræn tjáning, notkun fjölmiðla, hlutverkaleik.... Með því að blanda saman þessum ólíku aðferðum í „samloku“ verður námskeiðið spennandi og áhrifaríkt. Slík „samloka“ myndar eina kennslu- eða efniseiningu í námskeiði (1-3 stundir) og inniheldur a.m.k. þrjár mismunandi lærdóms- eða vinnuaðferðir.

### Kostir „samlokanna“

- 1) **Áhugi:** Vegna tilbreytingar minnka leiðindi (áhugaleysi)
- 2) **Virgni:** Vegna mismunandi nálgunar og leiða, þar sem þátttakendur nálgast þemað á marga mismunandi vegu, kynnast þeir því frá mismunandi sjónarhólum. Þetta á einnig við um endurteknir og heimfærslu verkefni.
- 3) **Þannig nálgast þú þarfir mismunandi einstaklinga:** Sérhver hefur sinn „námsstíl“. Námsmenn hafa oft fundið út hvaða námsaðferðir gagnast sér best. Með því að nota margar ólíkar aðferðir eru meiri líkur til þess að þú hittir á námsaðferðir sem henta flestum ef ekki öllum þátttakendum.